

Viðhorf til samfélagsins

Umræðupunktur

Umræðan á villigötum – þurfum að byrja heima fyrir

Hver og einn líti í eigin barm

Skortur á stolti í garð samfélags síns

Skortur á jákvæðni í viðhorfi til þess sem fólk er að gera

Sbr. ofan, skortur á stolti ... jákvæðu monti! Horfum til annarra samfélaga, s.s.

Borgarfjörður eystri, sem með stolti tala um samfélag sitt hvar og hvenær sem er

Aðkomufólk talar um fegurð staðarins/sveitarfélagsins – erum við íbúarnir sammála?

Í félagsstarfi kann að skorta fjölbreytni en fjöldinn sem þátt tekur merkilega mikill.

Þegar við tölum um Vopnafjörð gerum við það með stolti?

Skortur á stolti – horfum til annarra sem tala staðinn sinn upp (t.d. Borgarfjörður eystri).

Ákveðinn galli fjarlægð frá öðrum en það er líka hægt að líta á fjarlægðina sem kost.

Einkenni staðarins: Fjölbreytni, kyrrð, náttúrufegurð, fuglar, fjöllin handan fjarðarins...

Erum að vakna til lífsins og mæta á viðburði.

Kallað eftir fjölbreytni í atvinnu.

Almennt skortir meiri samheldni.

Skiptar skoðanir um uppbyggingu í Finnafirði ef þau verkefni umbylta samfélaginu.

Annars jákvætt ef uppbygging fer af stað. Eykur fjölbreytni í atvinnu.

Hér er fjölbreytt þjónusta og það er ekki sjálfsagt mál.

Kostnaður að þjónustuna hér, sem er góð, er sáralítill miðað við stóru staðina.

Við þurfum að sýna því áhuga sem aðrir eru að gera – muna að hrósa fólki.

Niðurstöður

Mættum vera stoltari af samfélaginu okkar og láta það heyrast.

Tala samfélagið upp.

Umræður á villigötum – þurfum að byrja heima.

Aðkomufólk talar um fegurð staðarins – en við?

Samheldni/samhygð þarf að auka.

Við gleymum kostum smásamfélagsins – nálægðarinnar.

Íbúanna sjálfra að breyta samfélaginu sínu og framtíðarsýn og við getum auðveldlega gert það.

Sýna áhuga á því sem aðrir eru að gera og hrósa því.

Horfum til þess sem við höfum – fegurðina, kyrrðina, þjónustuna – tala samfélagið upp!

Félagsstarf er öflugt, hlúa að því og styðja það sem aðrir eru að gera.

Fjölskylduvænn staður – ýta undir kosti þess.

Fá fólk heim á ný með aukinni fjölbreytni starfa.

Sýnt sig að „gamlir“ íbúar vilja gjarnan heim á ný.

Halda á lofti kostum fámennis, gildi einstaklingsins í fámennum samfélögum.

Atvinnu þarf að auka - möguleika Finnaþjóðar.

Félagslíf hangir með atvinnulífinu.